

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 62/1990 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í læknishjálpi o.fl. skv. ákvæðum almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, sem leita sérfræðings, fyrir eða án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis, skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings kr. 900, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings kr. 300, sbr. þó 5. tl.
2. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða krónur 900 fyrir hverja komu á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 300, sbr. þó 5. tl.
3. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða kr. 300 fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknarstofu, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100, sbr. þó 5. tl.
4. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 300 af kostnaði við hverja komu til röntgengreiningar, sbr. þó 5. tl. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100 fyrir hverja komu, sbr. þó 5. tl.
5. Á hverju almanaksári skulu sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, þó aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 12.000 vegna sérfræðilæknishjálpar, rannsókna og röntgengreininga. Frá 1. maí til ársloka árið 1990 skal þessi kostnaður sjúkratryggðra, annarra en elli- og örorkulífeyrisþega miðast við kr. 8.000. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu á hverju almanaksári aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 3.000 vegna heimsókna til sérfræðinga, rannsókna og röntgengreininga. Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur þessar hjá Tryggingastofnun ríkisins fá sjúkratryggðir skírteini sem undanþiggja þá frekari greiðslum vegna læknishjálpar o.fl. út almanaksárið. Kvittanirnar skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag og nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefja sjúkratryggða um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.